

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um
Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/96 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skulu öðlast gildi sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56b:

56c. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/1995 frá 8. desember 1995 um öryggis-
stjórnun á ekjufarþegaferjum.

2. gr.

Ofangreind gerð sem vísað er til í 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 32, dags. 25. júlí 1996, bls. 70.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 1. október 1996.

Haldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.